**Fjórði fundur skólaráðs Öldutúnsskóla skólaárið 2023 - 2024 haldinn 03.04.2024**

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, skólastjóri.
Fundaritari: Margrét Sverrisdóttir.
Mættir:
Stjórnendur: Margrét Sverrisdóttir og Valdimar Víðisson.
Fulltrúar foreldra: Pétur Markan og Ragnar Guðmundsson.
Fulltrúar starfsmanna: Anna Sveinsdóttir, Ásdís Reykdal Jónsdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
Fulltrú grenndarsamfélagsins: Snædís Ögn Flosadóttir.
Fulltrúar nemenda: ~~Karen Ó. Guðjónsdóttir~~ og Embla G. Arnarsdóttir.

1. Skóladagatal 2024 – 2025. Hefur verið kynnt og samþykkt af kennurum. Skólaráð fór yfir skóladagatal 2024 – 2025 og samþykkti það eins og það liggur fyrir.
    a. Tillaga um að það sé gerð könnun meðal nemenda, foreldra og kennara varðandi vetrarfrí. Hvort sé um að ræða tvisvar sinnum tvo daga eða einu sinni fimm daga.
2. Unglingar mæta seinna í skólann. Umræður innan skólans um að nemendur á unglingastigi mæti seinna í skólann á næsta skólaári. Verið að skoða með að mæting sé um 09:00. Slíkt verður gert í öllum skólum Reykjavíkur frá og með næsta skólaári og er nú þegar í nokkrum skólum. Búið að kynna fyrir kennurum og er vinna í gangi með þeim. Endanleg ákvörðun mun liggja fyrir á næstu dögum.
    a. VV fjallar um jákvæð áhrif þess að færa skólabyrjun.
    b. Unglingar æfa íþróttir seinna á daginn
    c. Fólki líst vel á þessar breytingar.
3. Teymisvinna. Margrét Sverrisdóttir, aðstoðarskólastjóri, kynnti innleiðingu teymisvinnu og teymiskennslu í Öldutúnsskóla.
    a. Mikilvægt að halda áfram í einfaldleikann. Að þetta sé ekki til þess fallið að flækja starfið fyrir kennara og nemendur.
    b. Halda þarf verndarhendi yfir kennara – passa vel upp á velferð þeirra.
4. Skólaárið 2024 – 2025. Skólastjóri fór yfir stöðuna hvað starfsmannamál varðar, búið að auglýsa nokkrar stöður.
    a. Verið er að auglýsa stöður. Margir að sækja um stöður umsjónarkennara. Fleiri er að sækja um sem eru í námi.
    b. Einhverjar breytingar – eins og gerist.
5. LÆK verkefnið. Skólastjóri kynnti það verkefni og lokahátíð sem er framundan.
    a. Hátíð í tilefni útgáfu bókarinnar verður í lok apríl.
6. Kvörtun frá foreldrum í 1.bekk vegna aðbúnaðar og verklags í frístundaheimili.
    a. Skólastjóri fór yfir það sem búið er að gera og það sem verður gert.
    b. Byrjað er að mála Selið að innan, verður tekið að utan.
    c. Fulltrúi frá A4 og Pennanum til að teikna upp rýmin.
7. Önnur mál.
    a. Umræða um búnað, senda myndir af lélegum húsgögnum til fræðsluyfirvalda.
        i. Nemendur eru með léleg húsgögn.
        ii. Breyting verður á kaffistofu starfsfólks.
    b. Árshátíð unglingadeildar:

        i. Sótt er um að hún verði til kl. 22:30.
   c. Farið yfir dagskrá næsta fundar.
   d. Frá foreldrafélaginu
        i. Vorhátíð foreldrafélagsins verður 8. maí
        ii. Kynheilbrigði

Fundi slitið klukkan 14:30
Margrét Sverrisdóttir